

## Drög að starfsreglum fyrir þingflokk Kvinnalistans.

Á síðasta vörfundum Kvinnalistans að Hótel Örk í Hveragerði 30. apríl - 1. maí 1995 var sú tillaga samþykkt að nefnd skyldi skipuð til að gera starfsreglur fyrir þingflokk Kvinnalistans. Starfsreglurnar skyldu síðan ræddar á næsta landsfundi í haust.

Í nefndina voru valdar Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Vignisdóttir og Kristín Halldórsdóttir.

Engar sérstakar reglur hafa verið til að undanfögnu um starf þingflokksins og samskipti hans við hreyfinguna en tilraunir hafa áður verið gerðar til að tryggja lágmarkssamskipti milli þingfulltrúa og annarra Kvinnalistakvenna (Þingráð, símatímar þingkvenna o.fl.).

Þessar starfsreglur eru samdar með það í huga að styrkja starf þingflokksins, stækka hann og opna og auka tengsl hans við Kvinnalistakonur víða um land.

### 1. Samskipti við angana.

Þingflokkur Kvinnalistans skal halda sérstaka þingflokksfundi í öngunum með reglubundnum hætti. Auk umræðu um þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni skal nýta þessa fundi til fræðslu um ákveðin þemu í samráði við heimakonur. Skipuleggja skal sérstakar ferðir þingkvenna í kjördæmin úti á landi í samvinnu við Kvinnalistakonur þar þegar hlé verður á þingi.

*Ræktun tengsla milli þingflokks og landsbyggðar er afar brýn og lífsnauðsyn fyrir lítinn þingflokk. Heimsóknir á fjölbreytilega vinnustaði og fundir með heimafólki hafa gefist mjög vel á undanfögnu árum og þótt vera ómissandi veganesti fyrir þingstörfin auk þess sem ferðirnar hafa verið afar skemmtilegar. Bein tengsl og samskipti við Kvinnalistakonur úti á landi hafa einnig verið mjög gefandi fyrir þingkonur og þessi samskipti geta skipt sköpum fyrir félagsstarfið, einkum í öngum sem ekki eiga kjörna fulltrúa.*

### 2. Samstarf við Kvinnalistakonur í stjórnnum, ráðum og nefndum og svipuðum hlutverkum á vegum Kvinnalistans.

Þingflokkur Kvinnalistans skal halda reglulega fundi með þeim konum sem gegna ofangreindum hlutverkum á vegum Kvinnalistans. Þannig skal halda fund með hverjum fulltrúa t.d. á 6 mánaða fresti og oftar ef tilefni er til og skýrir fulltrúinn þingflokknunum frá störfum sínum.

Halda skal reglulega fræðslu- og upplýsingafundi með slíkum fulltrúum Kvinnalistans og þingflokknunum sem eru sérstaklega ætlaðir öllum Kvinnalistakonum. Skal þá hver fulltrúi kynna þann vettvang sem viðkomandi sinnir og gera stuttlega grein fyrir eigin framtaki.

*Mikilvægt er að boðskipti og miðlun upplýsinga sé greið milli þingkvenna og annarra Kvinnalistakvenna sem sinna ýmsum málum fyrir hreyfinguna. Oft leynast tilefni til þingmála af margvíslegu tagi í förum nefndarkvenna sem sitja uppi með mikinn fróðleik og reynslu sem oft nýtist ekki sem skyldi og enginn leitar eftir. Þegar mynduð verða formleg tengsl þessara kvenna við þingflokkinn geta þau stuðlað að því að mikilvægar hugmyndir rati fljótt og vel frá Kvinnalistakonum í þingsali. Sama*



*gildir um aðrar Kvennalistakonur sem gegna svipuðum hlutverkum þótt það sé ekki beinlínis á vegum Kvennalistans. Þær mætti einnig kalla til skjalanna á sama hátt.*

### **3. Reglubundnar útskiptingar og hlutverk varaþingkvenna.**

Þingflokkur Kvennalistans skal leita tilefna til að taka inn varaþingkonur eftir föngum og skipta út a.m.k. einu sinni á hverri önn.

Stefnt verði að því að sem flestar konur fái tækifæri til að kynnst þingstörfunum og láta til sín taka og að varaþingkvennalistinn verði eins langur og virkur og nokkur kostur er. Þannig verði ekki einungis sú efsta eða tvær efstu á varaþingkvennalista gjaldgengar en hver víki fyrir annarri samkvæmt samkomulagi þingflokks og þeirra. Þeim varaþingkonum sem eiga að koma inn á þing verði gefinn eins mikill tími til undirbúnings og unnt er.

*Mjög mikilvægt er að virkja sem flestar konur til beins stuðnings við þingflokkinn og þátttöku í störfum hans. Það er litlum þingflokki einkar mikill styrkur að eignast fleiri raddir og fleiri andlit til að túlka stefnu og málstað Kvennalistans. Kvennalistinn hefur talið vinnureglur í anda valddreifingar vera aðalsmerki sitt og vegna þeirra hafa mun fleiri konur en kosnar hafa verið á Alþingi setið þar á vegum Kvennalistans. Líklegt er að reynsla kvenna af þingstörfum geri nýliðun á framboðslista auðveldari.*

### **4. Samstarf við Kvennalistakonur í borgarstjórn.**

Þingflokkur Kvennalistans og Kvennalistakonur í borgarstjórn skulu eiga með sér reglulega samráðsfundi, a.m.k. einu sinni í mánuði og oftár þegar tilefni gefast. Heppilegt væri að finna fastan fundartíma eftir hentugleikum beggja. Fréttir af samráðsfundum má síðan kynna á félagsfundum.

*Mikilvægt er að miðla reynslu Kvennalistakvenna af ólíkum sviðum stjórn mála og samnýta og samvirkja hugmyndir þeirra og vinnu.*

### **5. Samskipti og hlutverk þingkvenna.**

Kvennalistakonur treysta því að þingkonur Kvennalistans túlki stefnuskrá Kvennalistans og tali máli kvenfrelsis. Þetta gera þær að sjálfsögðu í samræmi við eigin samvisku í fullu trausti stuðningskvenna sinna. Ef mál þróast á þann veg að þingkonur treysta sér ekki til að styðja yfirlýsta stefnu Kvennalistans í einhverju máli skulu þær ræða þann ágreining innan þingflokks eða á öðrum fundum Kvennalistans og leita samkomulags eða annarra niðurstaðna áður en málið fer í fjölmiðla. Kvennalistakonur vænta þess að þingkonur þeirra dreifi verkefnum skipulega og sem jafnast í samráði hver við aðra svo sem framkomu í fjölmiðlum. Kvennalistakonur vænta þess einnig að þingkonur þeirra hugi að almennum félagskonum í Kvennalistanum þegar margvísleg erindi og beiðnir um fulltrúastörf berast þingflokknum.

*Mikilvægt er að hinar ólíku konur sem veljast til fulltrúastarfa fyrir Kvennalistann fái að njóta sín í þeim störfum hver á sinn hátt. En jafnframt er nauðsynlegt að þær gleymi því ekki að þær gegna ekki slíkum störfum fyrst og fremst á eigin vegum, heldur eru þær fulltrúar fjölmargra annarra kvenna. Á sama hátt mega almennar félagskonur í Kvennalistanum heldur ekki gleyma nauðsyn þess að standa vel að baki þingkonunum og styðja þær í erfiðum og krefjandi störfum.*

Ágúst 1995.